

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Deiliskipulag fyrir hluta skíðasvæðisins í Bláfjöllum.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 27. febrúar 2020, nýtt deiliskipulag fyrir hluta skíðasvæðisins í Bláfjöllum. Deiliskipulagssvæðið tekur til skíðagöngubrautar og nýrra skíðalyfta innan Ölfuss. Ný skíðalyfta nær úr Kerlingardal upp á topp Bláfjalla og eins eru endastöðvar tveggja nýrra lyfta innan skipulagssvæðisins.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulagsbreyting vegna virkjunar á Hellisheiði, breyting nr. 16.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss þann 20. ágúst 2020 óverulega deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulaginu „Virkjun á Hellisheiði – jarðhitagarður“. Er þetta 16. breytingin sem gerð er á skipulaginu.

Breytingin felst í því að skilmálum er breytt þannig að brjóta skal upp veggfleti ef byggingar eru lengri en 100 m á hliðum sem eru sýnilegar frá Suðurlandsvegi, auk aðkomuhliða bygginga. Tekin eru burt ákvæði hvað varðar liti málmklæðninga. Þá er bætt við að gljástig málmklæðninga skuli einnig ná til lagna og stakra búnaðarhluta utanhúss.

*Þorlákshöfn, 9. september 2020.*

**Gunnlaugur Jónasson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. september 2020